

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið:

1. að einstefna verði á Týsgötu frá Skólavörðustíg til suðvesturs og að Þórsgrata, milli Týsgötu og Óðinsgötu verði einstefna frá Týsgötu til norðvesturs. Samhliða verði sett stöðubann á Þórsgrata frá Týsgötu að Óðinsgötu.

Einstefnan er táknað með umferðarmerkinu D07.11 og bannmerkið B01.21 skal vera við hinn enda vegar, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;

2. að á þeim tíma árs sem sumargötulokanir eru, (með vísan í auglýsingu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 27. maí 2016) taki gildi bann við öllum akstri ökutækja á eftirfarandi götum:

Laugavegi frá Vatnsstíg að Þingholtsstræti.

Skólavörðustíg frá Bergstaðastræti að Laugavegi.

Pósthússtræti.

Austurstræti frá Pósthússtræti að Veltusundi.

Veltusundi og Vallarstræti frá Hafnarstræti að Aðalstræti.

Umferð ökutækja vegna vöruafgreiðslu verði heimil milli kl. 07.00-11.00, frá mánudegi til föstudags.

Bannið verði táknað með umferðarmerkinu B01.11 og undirmerkinu í flokki J, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 16. apríl 2018.*

**Sigríður Björk Guðjónsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 4. maí 2018